

Íslensk mannfræði og íslenskir listamenn.

I.

Íslenskri mannfræði er of lítil gaumur gefinn ennþá, og þeim breytingum sem orðið hafa á þjóðinni í þeim efnnum síðastl. 30—40 ár. En þær breytingar eru býsna eftirtektarverðar, og góð hjalp til að skilja hvers mætti vænta, ef lífsástæður nálguðust ein til muna meir það sem þyrfti að vera. Það sem mest gengur í augun er hversu fólkið hefir stækkað. Á barnsár- um mínum var sjaldgæft að sjá íslenskan mann sem væri fullar 3 álnir (188.7 cm.); en nú er hjer fjöldi slíkra manna, og eigi all- fáir eru ennþá hærri. Það má heita að horfin sje manntegund sem hjer var til áður og nefna mætti homo nordicus forma nana; greinilega norrænir menn, en að- eins svo smáir og gengnir saman um brjóstið. Eftir því sem sagt er af beinaleifunum á Herjúlfs- nesi, munu Íslendinganiðjarnir á Grænlandi hafa verið orðnir þessu líkir áður en ættstofninn leið þar undir lok. Í stað slíkra manna má

hjer nú sjá sjerstaka tegund af unglingum, sem orðnir eru 3 álnir innan við tvítugt og bæta svo nokkru við sig eftir það. Hið norræna vaxtarlag kemur hjer nú einnig fram betur en áður, við- heinin hafa lengst og ekki bogn- að eins mikið, og herðarnar breikk að. Beinkröm er hjer bersýnilega ekki eins algeng og áður.

II.

Þá er háraliturinn. Próf. Guðm. Hannesson hefir í hinu merkilega þýska riti sínu um íslenska man- nfræði (Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1924—5) komist að þeirri niðurstöðu, að Íslendingar sjeu til muna dökkhærðari en Norðmenn. Mjer hefir vírst svo sem tala ljós- hærðra — miðað við mannfjölda — mundi hjer vera nokkuð svip- uð og þar sem jég hefi komið í Noregi og Svíþjóð, eða munurinn a. m. k. ekki stórmikill; en eink- um hefir mjer vírst, sem full á- stæða sje til að ætla, að háralitur

barna muni ekki vera síður ljós hjer á Íslandi en í þeim löndum. Jeg hefi athugað 20 fyrstu börnin er á leið minni urðu, er jeg gekk út að morgni; það kom fyrir að 15 voru ljóshærð. Af 12 voru 8 ljóshærð. Í eitt skifti voru af hb. 33 börnum, nálægt 30 ljóshærð. Ljósá hárið virðist hjer til muna algengara nú en fyrir nokkrum áratugum.

Að því er augnalitinn snertir, þá hefi jeg þar hverri komið sem eins mikill hluti fólksins hefir blá augu eða grá eða þar á milli, og hjer á landi.

III.

Íslenska listamaðm hefi jeg nefnt í fyrirsögn greinar þessarar af því að jeg vildi spyrja, hvort þeir gera ekki minna en verið gæti, að því sem íslenskri mannfræði væri gagn í. Gætu ekki málaraar t. d. gert meira að því að lýsa íslenskri barnsfegurð eða kvenfegurð; eða myndasmiðir til að sýna hversu íslenskir ungling-

ar geta verið vel vaxnir, eða hversu fagurt mannlíkan má gera með slíkum fyrirmyndum. En mjer virðist sem það hljóti altaf að vera eitt aðalverkefni myndasmiðsins, að sýna fegurð mannslíkamans og benda til þess hversu fagur hann gæti orðið.

17. febrúar.

Helgi Pjeturss.

E. S.

Að gefnu tilefni skal þess getið, að það þarf ekki að ætla mjer neim einstrengingshátt í þessum yfirlitsefnum, svo sem t. d., að mjer komi til hugar að gera minna úr Jónasi Hallgrímssyni eða Jóni Sigurðssyni, af því að þeir voru dökkeygðir og dökkhærðir. En það er ástæða til að mótmæla sem fjarstæðu þeirri skoðun, sem þó hefir bólað á, að Íslendingar megi fremur heita dökk þjóð og móeygð.

22. febrúar.

H. P.

Leib. Mel. 39.